

Laugaskóli

1925-2025



Styrkbeiðni vegna 100 ára afmælis Laugaskóla

Sent til Langanesbyggðar, Norðurþings, Tjörneshrepps og Þingeyjarsveitar

Vegna slita á Héraðsnefnd Þingeyinga

Laugaskóli í Suður Þingeyjarsýslu verður 100 ára haustið 2025 og starfar nú undir nafninu Framhaldsskólinn á Laugum. Saga þessarar menntastofnunar hófst þegar Alþýðuskólinn á Laugum hóf sitt fyrsta skólaár, haustið 1925 og síðan þá hefur verið samfleytt skólahald á Laugum í Reykjadal. Það má því segja að saga Laugaskóla sé veigamikill þáttur í menningarsögu Þingeyinga.

Skólinn var byggður í sjálfboðastarfi á vegum Sambands Þingeyskra Ungmennafélaga (forvera Héraðssambands Þingeyinga) og gaf Sambandið sýslunni skólann til að mennta ungmanni hennar. Sýslan eða sveitarfélög hennar ráku skólann fram til 1974 og rekstur skólans var lengi helsta verkefni Héraðsnefndar Þingeyinga. Laugaskóli er ekki bara heimavistarskóli í sveit með frábærri aðstöðu til náms, félagslífs og íþróttaiðunar, hann er einnig burðarstólpi í samfélaginu. Skólinn hefur staðist ýmsar áskoranir í menntakerfinu og aðlagað sig breytingum sem þörf er á hverju sinni til að skapa nemendum góða menntun og gott veganesti til framtíðar. Eins og gefur að skilja þá hefur þessi menntastofnun tekið miklum breytingum og mótað líf nemenda, kennara og samfélagsins í hundrað ár og því ber að fagna næsta haust.

Áætlað er að afmælishátíð verði haldin fyrsta vetrardag 2025 þar sem skólinn var settur fyrsta vetrardag árið 1925. Það hefur farið fram mikil vinna á liðnu ári við undirbúning þessa merku tímamóta og því var sett á laggirnar afmælisnefnd. Í nefndinni sitja Kristján Guðmundsson, Arnór Benónýsson, Hjörðís Stefánsdóttir og Sigurbjörn Árni Arngrímsson.

Það er ætlunin að ráðast í nokkur verkefni til að minnast þessara tímamóta. Stærstu verkefnin er gerð heimildamyndar um sögu skólans og bronsstytta af pari með bók sitjandi á bekk í fullri líkamsstærð. Við leitum því eftir styrk til að aðstoða okkur við að fjármagna styttukaupin þar sem skólinn einn og sér hefur ekki tök á að standa skil á útgjöldum vegna stytunnar. Eldri og yngri nemendur Laugaskóla munu líka leggja sitt af mörkum til að leggja þessu lið en það er ljóst að meira þarf til.

Afmælisnefnd skólans óskar því eftir styrk vegna bronsstyttugerðarinnar þar sem samningur hefur verið gerður við Höllu Gunnarsdóttur listamann. Styttan mun bera heitið Laugaparið /Lærðómsparið. Til að gefa innsýn í útlit stytunnar þá er eitt af verkum Höllu, bronsstytta af Tómasi Guðmundssyni, Reykjavíkurskáldinu (sjá mynd).



Útlit Laugaparsins/Lærðómsparsins verður með sama hætti og hér á myndinni, þ.e.a.s. að þau verða sett á sambærilegan bekk sem þessum og verður staðsettur niður við tjörnina hjá Laugaskóla. Styttan hingað komin að Laugaskóla mun kosta 15.500.000 kr.

Við leitum til Héraðsnefndarinnar með þessa styrkbeiðni vegna mikilla tengsla nefndarinnar og skólans en nefndin rak hann í áratugi. Ljósi þeirra fréttar að það eigi að slíta Héraðsnefndinni þykir okkur tilvalið að sveitarfélögin sem standa að nefndinni láti þá fjármuni sem eru í eigu nefndarinnar við slitin renni til þessa verkefnis. Þannig má segja að hringnum sé lokað og síðasta verkefni nefndarinnar verði að styðja skólann sem hún rak svo lengi. Við teljum styttnuna Laugaparinu /Lærðómsparinu vera þann minnisvarða sem mun standa um ókomna tíð og vera táknmynd fyrir skólahald liðinna ára og framtíðar.


31.10.2024  FSS FRAMHALDSSKÓLINN
Á LAUGUM

Kær kveðja

Benedikt Barðason

Skólameistari